

Fimmtudaginn 21. marz 1929.

Nr. 86/1928.

Valdstjórnin (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn

M. Júl. Magnús (Pétur Magnússon).

Lyfseðlar á áfengi gefnir út á ólöglegan hátt.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 1. okt. 1928: Kærður, M. Júl. Magnús, greiði 500 kr. sekt í Menningarsjóð innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti hann í hennar stað einföldu fangelsi í 28 daga. Þá greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Það er sannað í máli þessu, að kærði, M. Júl. Magnús, lækni, hefir látið úti nokkra lyfseðla á árinu 1926 á fyrirskipuð eyðublöð fyrir hærri skammti af áfengi en til er tekinn í 6. gr. reglugjörðar nr. 59, 1. júlí 1925, án þess að getið sé um ástæðuna fyrir þessu á lyfseðlunum.

Þá er það og sannað, að kærði hefir gefið út lyfseðla um áfengi á önnur eyðublöð en hin fyrirskipuðu og hærri skammt en 210 gr., án þess að útgáfa seðla þessara hafi verið réttlætt, þar á meðal eigi allfáa lyfseðla, þar sem áfengið einungis er blandað fáum dropum af bragðbætandi efni, svo sem tinctura aromatica.

Með þessu hefir kærði gjörzt brotlegur gegn ákvæðum 5. og 6. gr. ofangreindrar reglugjörðar, og þykir refsing sú, er hann hefir tilunnið hæfilega ákveðin, eftir 17. gr. laga nr. 15, 8. júní 1925, 700 kr. sekt í rikissjóð, og komi í stað sektarinnar 35 daga einfalt fangelsi, ef hún fæst eigi greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Svo greiði kærði allan kostnað málsins, bæði í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda hér í rétti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, M. Júl. Magnús, greiði 700 kr. sekt í ríkissjóð, og komi 35 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, fáist hún eigi greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Svo greiði kærði allan kostnað málsins, bæði í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna, Stefáns Jóh. Stefánssonar og Péturs Magnússonar, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu og eftir fyrir-mælum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins gegn M. Júl. Magnús, læknir, til heimilis á Hverfisgötu 30 þar i bænum, fyrir brot gegn ákvæðum laga, um aðflutningsbann á áfengi, nr. 15 frá 8. júní 1925 og reglugjörð nr. 59 frá 1. júlí 1925, um sölu áfengis til lækninga.

Samkvæmt skýrslu lyfsölustjóra ríkisins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 1. maí 1928, hefir kærður gefið út á árinu 1926, 369 áfengislyfseðla á fyrirskipuð eyðublöð, og af þeim 354 áfengislyfseðla fram yfir skammt, þá hefir kærður og þetta sama ár, eftir skýrslunni, gefið út 23 áfengislyfseðla á önnur eyðublöð. Árið 1927 hefir kærður gefið út 71 áfengislyfseðil á fyrirskipuð eyðublöð og þar af 64 áfengislyfseðla fram yfir skammt.

Það sem kærður er sakaður um, er í fyrsta lagi það, að hann hafi árið 1926 gefið út fleiri áfengislyfseðla en hann hafi átt að geta fengið eyðublöð undir hjá landlækni.

Kærður hefir viðurkennt það, að hann muni hafa gefið út fleiri en 300 áfengislyfseðla á fyrirskipuð eyðublöð á árinu

1926, og kveður hann ástæðuna vera þá, að hann hafi átt fyrningu af eyðublöðum frá fyrri árum. Í bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins er það tekið fram, að um eyðublöð undir áfengislyfseðla, er hver læknir, þar sem lyfjabúð er, fær hjá landlækni, gildi þær reglur, settar af þessu ráðuneyti, að hver læknir má ekki fá fleiri eyðublöð en 300 á ári. Þetta ákvæði virðist ekki óheimila lækni að gefa út fleiri áfengislyfseðla en 300 á ári, ef hann á fyrningu á eyðublöðum frá fyrri árum, og með því að þetta atriði virðist ekki fara í bága við aðrar gildandi reglur, þá ber að áliti dómarans að sýkna kærðan af þessu kæruatriði.

Í öðru lagi er kærður sakaður um það, að hann hafi — líklega á óleyfilegan hátt — ávisað fram yfir ákveðinn skammt.

Kærður hefir kannast við það, að hann hafi ávisað fram yfir ákveðinn skammt, en hann hefir hinsvegar haldið því fram, að hann hafi því aðeins gjört það, að hann hafi álitid þess brýna þörf og farið þá allt af eftir fyrirmælum 6. gr. reglugjörðarinnar frá 1. júlí 1925. Með því að það er ósannað, að kærður hafi brotið ákvæði áðurgreindrar reglugjörðar, er hann gaf út áfengislyfseðla fram yfir ákveðinn skammt, verður og að sýkna hann af þessu kæruatriði.

Í þriðja lagi er kærður sakaður um það, að hann hafi gefið út áfengislyfseðla á önnur eyðublöð en hin fyrirskipuðu.

Í sambandi við þetta hafa kærðum verið sýndir 12 áfengislyfseðlar, sem hann hefir gefið út á önnur eyðublöð en þau, sem fyrirskipuð eru — fleiri slíkir lyfseðlar frá kærðum hafa ekki fengist frá lyfsölustjóra, þrátt fyrir skýrslu hans, sem áður er nefnd —, og hefir hann kannast við, að það sé rétt, án þess að geta gjört grein fyrir, hversvegna hann hefir ekki fylgt fyrirmælum laganna í þessu efni.

Þetta brot kærðs, sem ekki hefir verið dæmdur áður fyrir brot gegn áfengislöggjöfinni, heyrir að áliti dómarans undir 5. gr. reglugjörðarinnar nr. 59 frá 1. júlí 1925, og þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið, hæfilega ákveðin eftir 17. gr. laga nr. 15 frá 8. júní 1925, 500 kr. sekt, er renni í Menningarssjóð, eftir 1. gr. laga nr. 54/1928 og greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 28 daga. Þá greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.